

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 111/2004

frá 9. júlí 2004

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg ⁽¹⁾.
- 2) Tilmæli ráðsins 2003/134/EB frá 18. febrúar 2003 um að bæta heilsuvernd og auka öryggi á vinnustöðum hjá sjálfstætt starfandi einstaklingum ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 16k (orðsending framkvæmdastjórnarinnar (COM(2000) 466 lokagerð) í XVIII. viðauka við samninginn:

„16l. **32003 H 0134**: Tilmæli ráðsins 2003/134/EB frá 18. febrúar 2003 um að bæta heilsuvernd og auka öryggi á vinnustöðum hjá sjálfstætt starfandi einstaklingum (Stjtíð. ESB L 53, 28.2.2003, bls. 45).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilmæla 2003/134/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 10. júlí 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 53, 28.2.2003, bls. 45.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann